

14. febrúar 2012

Fundur nr. 72

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 14. febrúar 2012 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Björn Sæbjörnsson, Sandra Helgadóttir, Heiða Elísdóttir og Kristján Árnason. Einnig er mætt Sigríður Vigdís Þórðardóttir framkvæmdastjóri.

1. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir störfum sínum

Sigríður Vigdís fór yfir þau störf sem hún hefur unnið frá þar síðasta fundi (70. fundagerð).

2. Fundagerð síðasta og þar síðasta fundar (fundagerð 70 og 71)

Fundagerð 70: Framkvæmdastjóri og tómstundafulltrúi (Stefán) fara yfir leigu á tækjabúnaði og styrk frá bænum föstudaginn 17. febrúar.

Framkvæmdastjóra var falið að hafa samband við UMFÍ varðandi afmælisblaðið, sem Þróttur hyggst gefa út á árinu, og athuga hvort UMFÍ geti veitt okkur aðstoð af einhverju tagi.

Framkvæmdastjóri hyggst klára að útbúa skiltin fyrir íþróttahúsið á næstu dögum.

Fundagerð 71: Ákveðið var að þau börn sem vilja byrja að æfa hjá Þrótti eftir áramót borgi hálf ársgjald og sú ákvörðun stendur.

Ársskýrslan verður tilbúin fyrir aðalfundinn sem verður haldinn 20. mars. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir fulltrúa frá UMFÍ til að mæta á aðalfundinn.

Framkvæmdastjóra er falið að kaupa froskalappir og fleira sem vantar fyrir sunddeildina.

3. KSÍ fundur

Vignir yfirþjálfari kom á fund stjórnarinnar og sagði frá KSÍ fundinum sem var haldinn um síðustu helgi.

4. Önnur mál

Vignir yfirþjálfari fór fram á fjármagn til boltakaupa og hyggst leita tilboða.

Gjaldkeri hyggst reyna að fækka reikningum félagsins til þess að einfalda bókhald félagsins.

Framkvæmdastjóra var falið að setja upp einskonar yfirlit þar sem allt það helsta sem snýr að félaginu kemur fram s.s. tímasetning styrkja o.fl.

Stjórnin hyggst ekki semja, að svo stöddu, við nýja aðila er varðar íþróttafatnað merktann Þrótti.

Meistaraflokkur spilar opunarleik þann 25. maí og hyggst stjórnin koma að því með einhverjum þætti.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 20:35